



FFSÍ

# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Reykjavík, 7. mars 1997.

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 121/1030*

*komudagur 10 13 1997*

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri við Templarasundi,  
150 Reykjavík.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sammingsveð, 234. mál.**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 5. febrúar 1997, þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp til laga.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við lagafrumvarpið eins og það liggur fyrir með einni undantekningu en hún snýr að heimild til veðsetningar á aflahlutdeild fiskiskipa. Í 1. mál. 4. mgr. 3. gr. lagafrumvarpsins er skýrt tekið fram að ekki sé heimilt að veðsetja aflahlutdeild fiskiskipa. Undir þetta ákvæði taka samtökin enda í samræmi við meðfylgjandi umsagnir um sama efni. Hins vegar má skilja 2. mál. sömu málsgreinar á þann veg að óheimilt sé að skilja aflaheimild frá viðkomandi veðsettu fiskiskipa nema með leyfi þeirra sem veðréttinn eiga. Að álitum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er hér um að ræða skollaleik í löggjöf þar sem veðhafi getur ráðið eftir eigin geðþótta hvernig aflahlutdeild fiskiskips er ráðstafað á sama tíma er kveðið á um að veðsetning aflahlutdeildar sé óheimil.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands beinir því til allsherjarnefndar Alþingis að afgreiða umrætt lagafrumvarp með þeim hætti að ekki verði gengið í bága við 1. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 með síðari breytingum. Einnig verði ákvæði um rétt veðhafa um stjórn á ráðstöfun aflahlutdeildar fiskiskipa fellt niður.

Virðingarfyllst,  
f.h. Farmanna- og fiskimannasambands  
Íslands

*Benedikt Valsson*

Benedikt Valsson,  
framkv.stj. FFSÍ



FFSÍ

# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Reykjavík, 21. febrúar 1996.

Nefndadeild Alþingis,  
Þórshamri við Templarasundi,  
150 Reykjavík.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samningsveð, 274. mál.**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 7. febrúar 1996, þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp til laga.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við lagafrumvarpið eins og það liggur fyrir.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands veitti umsögn sína um eldri útgáfu að lagafrumvarpi um samningsveð eins og fram kemur í meðfylgjandi bréfi, dagsett 9. mars 1994. Í þessari umsögn samtakanna var lagt til að ákvæði um heimild til að veðsetja veiðiheimildir fiskiskipa yrði fellt niður í lagafrumvarpinu. Í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar hefur ákvæðið hins vegar verið fellt niður og fagnar Farmanna- og fiskimannasamband Íslands þeirri niðurstöðu.

Virðingarfyllt,  
f.h. Farmanna- og fiskimannasambands  
Íslands

Benedikt Valsson,  
framkv.stj. FFSÍ



FFSÍ

# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 13. desember 1994.

Allsherjarnefnd Alþingis,  
b.t. Rögnu Árnadóttur, lögfr.,  
Þórshamri við Templarasund,  
150 Reykjavík.

**Efni: Árétuð umsögn um frumvarp til laga um sammingsveð.**

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands áréttar hér með umsögn sína um frumvarp til laga um sammingsveð, eins og fram kemur í bréfi samtakanna til Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 9. mars 1994.

Jafnframt þessari áréttingu, vill Farmanna- og fiskimannasamband Íslands beina því til Allsherjarnefndar, að leitað verði álits og umsagnar Lagastofnunar Háskóla Íslands, áður en frumvarpið verður afgreitt frá nefndinni, hvort það ákvæði í frumvarpinu sem kveði á um að veðréttur nái til aflahlutdeildar fiskiskipa, standist lög 1. greinar laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Einnig verði leitað eftir áliti Lagastofnunar, hvort sama ákvæði standist 1.tl. 3. greinar lagafrumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Farmanna- og fiskimannasambands  
Íslands

*Benedikt Valsson*

Benedikt Valsson,  
framkv.stj. FFSÍ



FFSÍ

# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 9. mars 1994.

Nefndadeild skrifstofu Alþingis,  
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa,  
Þórshamri, Templarasundi,  
150 Reykjavík.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samningsveð, 215. mál.**

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, FFSÍ, hefur borist beiðni til umsagnar um framangreint frumvarp til laga frá allsherjarnefnd Alþingis með bréfi, dags. 7. desember 1993.

FFSÍ gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að því undanskildu, sem snertir 3.tl. 31. gr., en þar er kveðið á um að heimilt verði að semja í veðbréfi að veðrétturinn nái einnig til veiðiheimilda skips. Þessu ákvæði hafna samtökin alfarið og leggja til að ákvæðið verði látið falla niður. Máli sínu til stuðnings vísa samtökin til 1.gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, sem segir:

*Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmari nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.*

Samkvæmt þessari grein er það ótvírætt að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru **sameign þjóðarinnar**. Einnig að **úthlutun veiðiheimilda myndar ekki eignarrétt** til handa þeim, sem notar heimildina til veiða eða tímabundins framsals.

FFSÍ vill ennfremur vekja athygli allsherjarnefndar á 1. tl. 3. gr. frumvarpsins, sem kveður á um að ekki sé hægt að stofna til veðréttar, nema gagnvart því, sem veðsali á eða eignast kann.

Með hliðsjón af framansögðu virðist 3.tl. 31.gr. frumvarpsins með tilliti til 1.tl. 3.gr. sama frumvarps stangast á við 1.gr. laga um stjórn fiskveiða.

Virðingarfyllst,  
f.h. FFSÍ

*Benedikt Valsson*  
Benedikt Valsson

FFSÍ, BORGARTÚNI 18, 105 REYKJAVÍK,  
SÍMI (91) 629933, FAX (91) 629934  
KENNITALA 520169-3509